

Stofnanasamningur

milli Landssambands lögreglumanna annars vegar

og

**Ríkislögreglustjórans, Lögregluskóla ríkisins,
lögreglustjórans í Reykjavík og allra sýslumanna hins vegar**

byggður á ákvæðum samkomulags um breytingar
og framlengingu á kjarasamningi
milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og
Landssambands lögreglumanna,
dagsetts 13. júlí 2001.

Stofnanasamningur

milli Ríkislögreglustjórans, Lögregluskóla ríkisins, lögreglustjórans í Reykjavík og allra sýslumanna annars vegar og Landssambands lögreglumanna hins vegar um röðun lögreglumanna í launaflokka á grundvelli ákvæða samkomulags um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna, dagsetts 13. júlí 2001.

1. Gildissvið

Samningurinn nær til allra lögreglumanna sem fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna og er hluti af honum. Samningurinn er byggður á ákvæðum samkomulags milli fjármálaráðherra og Landssambands lögreglumanna, dagsetts 13. júlí 2001 sem gildir frá 1. júlí 2001 til 30. apríl 2005. Stofnanasamningurinn gildir frá 1. september 2001.

2. Markmið

Markmið stofnanasamningsins eru eftirfarandi:

1. Að færa útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins í hendur embætta og stéttarfélags/lögreglumanna, til að styrkja starfsemi embættanna þegar til lengri tíma er litið og skapa þannig forsendur fyrir betri starfsskilyrðum lögreglumanna og skilvirkara launakerfi.
2. Að færa ákvörðun um launasamsetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi embætta.
3. Að efla samstarf lögreglumanna og yfirstjórnenda á vinnustað til þess að auka gæði opinberrar þjónustu.
4. Að gefa lögregluönnunum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi, meðal annars með aukinni sérmenntun og framhaldsmenntun og þar með að auka möguleika á bættum kjörum.
5. Að skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og eftir atvikum að bæta rekstur lögregluembættanna.

Til að ná framangreindum markmiðum lýsa aðilar sig reiðubúna til þess að vinna sameiginlega að og koma í framkvæmd eftirfarandi atriðum eftir því sem við á:

1. Að hjá lögregluembættunum verði tekin upp skýr og skilmerkileg starfsmannastefna, jafnvel með samræmdu starfs- og frammistöðumati.
2. Að framkvæmd og afgreiðsla hvers konar lögregluverkefna verði eins vönduð og hröð og kostur er og að embættin setji sér markmið þar að lútandi.
3. Að með tilliti til heimildar í kjarasamningi njóti lögregluönnun þess ef þeir teljast sérstaklega hæfir til að sinna störfum sínum.

3. Starfaflokkar

Á grundvelli skilgreininga á störfum lögreglumanna í ramma A, B og C, sbr. gr. 1.3.1. í fyrrgreindum kjarasamningi, eru starfaflokkar ákveðnir sem hér segir:

Rammi A

Starfaflokkur 1 - Afleysingamaður:

Afleysingamaður í lögreglu sem ráðinn er tímabundið og hefur ekki próf frá lögregluskóla, sbr. 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga. Starfsmaður sem vinnur við löggæslu undir stjórn lögreglumanna.

Grunnröðun: **A-1**

Starfaflokkur 2 - Héraðslögreglumaður:

Starfsmaður sem vinnur við löggæslu undir stjórn lögreglumanna. Þeir skulu geta veitt almenna lögregluaðstoð, sinnt almennri löggæslu undir stjórn lögreglumanna og veitt almennar upplýsingar til borgaranna.

Grunnröðun: **A-4**

Starfaflokkur 3 - Lögreglunemi:

Lögreglunemar í starfsþjálfun og á síðustu önn Lögregluskóla ríkisins. Þeir skulu geta veitt almenna lögregluaðstoð, sinnt almennri löggæslu undir leiðsögn lögreglumanna og veitt almennar upplýsingar til borgaranna.

Grunnröðun: **A-4**

Starfaflokkur 4 - Lögreglumaður:

Lögreglumenn sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins og annast öll almenn störf á sviði löggæslu og rannsókna. Lögreglumaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar, leiðbeiningar og fyrirmæli til borgara og geta leiðbeint og stýrt öðrum lögreglumönnum. Verkstjórn getur einnig falist í starfinu en er ekki meginhluti þess.

Grunnröðun: **A-8**

Rammi B

Starfaflokkur 5 - Aðstoðarvarðstjóri:

Lögreglumenn sem sinna almennum lögreglustörfum, eru til aðstoðar við stjórnun og framkvæmd tiltekinnar verkefna. Einnig lögreglumenn í sérsveit Ríkislögreglustjórans.

Grunnröðun: **B-7**

Starfaflokkur 6 - Rannsóknarlögreglumaður:

Lögreglumenn sem fyrst og fremst annast rannsóknir mála. Einnig getur falist í starfinu verkstjórn og/eða umsjón ákveðinna verkefna sjálfstætt og/eða undir stjórn annarra.

Grunnröðun: **B-7**

Starf flokkur 7 - Varðstjóri:

Starfið felst í stjórnun og/eða verkstjórn og umsjón ákveðinna verkefna sjálfstætt og/eða undir stjórn annarra. Á fámennisstöðum getur falið í starfinu kostnaðarefirlit og viðvarandi verkefnastjórnun. Starfsmanni getur verið falið að koma fram út á við fyrir hönd embættis.

Grunnröðun: **B-8**

Starf flokkur 8 - Aðalvarðstjóri:

Starfið felst í stjórn vaktar og felur fyrst og fremst í sér að skipuleggja, stjórna og samhæfa störf vaktar, umsjón verkefna eða málaflokka er lúta að kostnaðarefirliti og/eða viðvarandi verkefnastjórnun. Starfsmanni getur verið falið að koma fram út á við fyrir hönd embættis.

Grunnröðun: **B-10**

Starf flokkur 9 - Lögreglufulltrúi:

Starfið felst í rannsókn mála, stjórnun og umsjón verkefna eða málaflokka er lúta að rannsóknnum, skipulagningu og samhæfingu deilda eða málaflokka, áætlanagerð og kostnaðarefirliti og eftir því sem við á viðvarandi stjórn eða umsjón verkefna. Einnig kennsla og umsjón námsgreina í Lögregluskóla ríkisins. Starfsmanni getur verið falið að koma fram út á við fyrir hönd embættis.

Grunnröðun: **B-10**

Rammi C**Starf flokkur 10 - Aðstoðaryfirlögsluþjónn:**

Starfið felst í stjórnun, umsjón og ábyrgð á starfsemi deilda eða sérstakra eininga innan deilda í samræmi við stefnu og skipurit embættis, í náinni samvinnu við næsta yfirmann. Einnig þátttaka í markmiðssetningu, áætlanagerð og kostnaðarefirliti. Í starfinu felst að vera í forsvari fyrir deild eða einingu innan deildar og fyrir hönd embættis að annast samskipti út á við, í samræmi við skipurit embættis.

Grunnröðun: **C-15**

Starf flokkur 11 - Yfirlögsluþjónn:

Starfið felst í daglegri stjórn, áætlanagerð og markmiðssetningu fyrir lögregluembætti í samræmi við markmið og stefnu þess ásamt umsjón og ábyrgð á rekstri löggæslunnar. Í starfinu felst að koma fram út á við fyrir hönd embættis, bera ábyrgð á samskiptum við lögreglustjóra, ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki.

Grunnröðun: **C-16**

4. Starfsaldur

Lögreglumenn í starfaflokki 4 skulu hækka eftir starfsaldri sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um	3 launaflokka.	Flokksstjóri 3 (A-11)
Eftir 10 ár í lögreglustarfi um	3 launaflokka.	Flokksstjóri 2 (A-14)
Eftir 15 ár í lögreglustarfi um	2 launaflokka.	Flokksstjóri 1 (A-16)

Lögreglumenn í starfaflokki 5-9 skulu hækka eftir starfsaldri sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um	1 launaflokk.
Eftir 10 ár í lögreglustarfi um	1 launaflokk
Eftir 13 ár í lögreglustarfi um	1 launaflokk.

Lögreglumenn í starfaflokki 6 skulu hækka eftir starfsaldri sem hér segir:

Eftir 3 ár við rannsóknarstörf um 1 launaflokk.

5. Viðbótarforsendur

Við launaákvörðun er lögreglustjórum heimilt að taka tillit til viðbótarforsendna sem varðað geta lögreglumenn og störf þeirra. Getur það átt við um stjórnunarstörf og persónubundna þætti þegar lögreglustjóri telur sýnt að það eigi við í tilteknu starfi.

Umfangsmikil stjórnunarstörf

Heimilt er að hækka lögreglumann í starfaflokki 6 til 9 um 1 launaflokk ef starfið felst í stjórnun fjölmennrar deildar og/eða miklar kröfur eru gerðar um sérstaka faglega þekkingu.

Persónubundnir þættir

Með því að taka tillit til persónubundinna þátta hjá lögreglumanni getur lögreglustjóri ákveðið að meta störf hans 1-2 launaflokkum hærra en það sem ella væri ef þeirra nyti ekki við.

Tekur þetta til lögreglumanna sem raðað er í starfaflokka 4 til og með 9.

Skýring á persónubundnum þáttum

Persónubundnir þættir byggjast á því að metnir eru persónulegir eiginleikar og auknir hæfileikar þeirra lögreglumanna sem sinna tilteknum störfum hjá lögregluembætti; störfum sem leiða af þeim verkefnum/viðfangsefnum sem embættinu ber að sinna.

Eftirfarandi persónubundnir þættir geta verið forsendur ákvarðana um hærri laun:

- a. Starfsreynsla og færni
- b. Aukin menntun og þjálfun.

Í öllum tilfellum er við það miðað að persónubundnir þættir gagnist lögreglumanni í starfi því sem hann gegnir.

Starfsreynsla og færni tekur til starfsreynslu og færni í lögreglu og eftir atvikum reynslu/færni sem fengin er af öðrum störfum og nýtist í lögreglustarfi. Við mat á þessu ber að líta til þess að viðkomandi hafi gegnt starfi það lengi að hann hafi öðlast nægilega reynslu og færni, hvert umfangið er og hversu miklar líkur eru á því að viðkomandi geti nýtt sér það í því starfi sem um ræðir.

Færni í starfi getur einnig tekið til eftirtalinna þátta. Færni við úrlausn flókinna verkefna, góðra vinnuskila frumkvæðis, faglegrar ábyrgðar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og hæfni til samskipta og samvinnu.

Aukin menntun og þjálfun sem nýtist í starfi getur tekið til sérmenntunar og framhaldsmenntunar sem viðkomandi hefur lokið frá Lögregluskóla ríkisins svo og annarrar menntunar og þjálfunar sem viðkomandi hefur lokið hér á landi eða erlendis.

Mat á menntun

Sérstök matsnefnd skal hafa það hlutverk að fjalla um og meta vægi aukinnar menntunar og þjálfunar lögreglumanna sem liður í heildarmati persónubundinna þátta lögreglumanna.

Í nefndinni sitja fulltrúi Landssambands lögreglumanna, fulltrúi Sýslumannafélags Íslands og fulltrúi Lögregluskóla ríkisins, sem skal vera formaður. Varamaður skal tilnefndur fyrir hvern nefndarmann.

Lögreglustjórar geta beint skriflegum erindum til nefndarinnar, sem er þeim til ráðgjafar um mat á aukinni menntun og þjálfun lögreglumanna sem gegna tilteknum störfum þegar til álita kemur hvort þeir skuli njóta þess sérstaklega í launum. Nefndin getur tekið við gögnum frá þeim lögreglumanni sem meta skal hverju sinni.

Mat á persónubundnum þáttum

Við mat á persónubundnum þáttum skal hverju sinni leggja til grundvallar upplýsingar og haldbær gögn sem viðkomandi lögreglustjóri og/eða lögreglumaður aftar og sem máli skiptir áður en ákvörðun er tekin.

Þrátt fyrir að matskenndar ákvarðanir byggist að nokkru á persónulegri, en rökstuddri skoðun þess eða þeirra sem um fjalla hverju sinni er mikilvægt að samræmis og jafnræðis gæti í sambærilegum tilvikum og að farið sé eftir grundvallarreglu stjórnarsýsluréttar að málefnaleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi.

Launahækkun sem byggð er á viðbótarforsendum byggir á því að um sé að ræða viðvarandi og stöðugt verksemi og verið sé að meta þá þætti starfsins sem leiða af þeim verkefnum/viðfangsefnum sem embætti ber að sinna. Byggir hún einnig á því að forsendur fyrir launaákvörðuninni breytist ekki. Í því felst að endurskoða skal launaflokkaröðun vegna viðbótarforsendna séu þær ekki lengur fyrir hendi.

Gildistaka launaflokkahækkana vegna viðbótarforsendna skal miðast við 1. september 2001 enda hafi forsendur hækkunar þá verið til staðar og vera lokið fyrir 1. febrúar 2002.

6. Vinna á fámennum stöðum

Bakvaktastundafjöldi lögreglumanna á fámennum stöðum

Þar sem 3 lögreglumenn starfa skal bakvaktastundafjöldi vera 375 klst. á mánuði á 45% bakvaktarálagi, að lágmarki.

Þar sem 2 lögreglumenn starfa skal bakvaktastundafjöldi vera 380 klst. á mánuði á 45% bakvaktarálagi, að lágmarki.

Þar sem 1 lögreglumaður starfar skal bakvaktastundafjöldi vera 280 klst á mánuði á 45% bakvaktarálagi, að lágmarki.

Bakvaktarálag fellur ekki niður í útkalli.

7. Bókanir

1. Bókun varðandi starfsaldur

Við vörpun yfir í nýtt launakerfi hefur verið byggt á viðurkenndum starfsaldri í eldri kjarasamningi. Gengið er út frá því að starfsaldurshækkanir samkvæmt 4. lið stofnanasamnings byggi á sömu forsendum. Frá áramótum 2002 – 2003 telst starfsaldur varðandi nýráðningar frá þeim tíma að starfsþjálfun hefst í lögreglu.

2. Bókun varðandi lögreglumenn sem eru í sérhæfðu starfi við gerð stofnanasamnings

Við vörpun yfir í nýtt launakerfi raðast þeir í launaflokk A-14. Lögreglumaður í sérhæfðu starfi með 10 ára starfsaldur raðast í launaflokk A-16. Gert er ráð fyrir því að við gildistöku stofnanasamnings falli út launaheitið lögreglumaður í sérhæfðu starfi.

3. Bókun varðandi starfsheiti lögreglumanna

Þar sem starfsheita í samningi þessum er getið er vísað til þeirra starfsheita sem tilgreind eru í eldri kjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra.

4. Bókun vegna röðunar aðstoðar- og yfirlögregluþjóna í nýtt launakerfi

Við röðun aðstoðaryfirlögregluþjóna og yfirlögregluþjóna hefur verið tekið tillit til þess fasta stjórnunarálags (120 klst í 45% álagi) sem þeir hafa notið og þeim raðað samkvæmt því. Gengið er út frá því að við yfirfærslu þess álags í grunnlaun falli stjórnunarálagið niður.

Dómsmálaráðuneytið ákveður nánar um starfsskyldur, vinnuskil og fjölda yfirvinnutíma hjá aðstoðaryfirlögregluþjónum og yfirlögregluþjónum.

8. Gildistími og endurskoðun

Samkomulag þetta tekur gildi samkvæmt ákvæðum kjarasamnings LL og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 13. júlí 2001. Heimilt er að endurskoða samkomulag þetta eftir eitt ár eða síðar ef annar hvor aðila óskar þess.

Reykjavík, 21. nóvember 2001

F.h. lögreglustjóra/sýslumanna,
Ríkislögreglustjóra og
Lögregluskóla ríkisins

F.h. Landssambands lögreglumanna

Jónjóhanna Arnarsen
Arnar Guðmundsson
Lúttur Þórhinnsson
Jóns Árnason.

Andri Snær Magnason
Stjórntan Þorlákur
Stjórntan Þorvaldur
Þorlákur Þorláksson

Jónas Magnússon
Arnarbjörn Steinarsson
Sverrir Karlsson
Þorgerður Sigríður
Frits JÓHANNSSON
Hákon Bjartadóttir
Kristján Kristjánsson
Ginnur Guðmundsson